



## Hreppsnefnd 18. maí 2000

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 18. maí 2000.

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 18.05.2000 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson, Sigurveig Róbertsdóttir. Einnig var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 27. apríl sl. Farið var yfir fundargerðina, hún rædd og síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 4. maí sl. Farið var yfir fundargerðina og var nokkur umræða um ýmis mál hennar svo sem að ítreka það að sótt sé um leyfi til bygginganefndar fyrir framkvæmdum. Síðan var fundargerðin samþykkt.

3. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 10. maí sl. Farið var yfir fundargerðina hún rædd og samþykkt var að á næsta hreppsnefndarfundum verði skipað í nefnd til að marka stefnu í vímuefnavörnum. Síðan var fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál. Grunnskóli viðbygging, staða mála. Sveitarstjóri skýrði stöðu mála í framkvæmdum við viðbyggingu grunnskólans, innréttingar og aðra hluti sem enn vantar. Lyftan mun vera komin á staðinn og verður sett upp fljótlega. Einnig hvað þarf að endurbæta í eldri hluta skólans. Er það mjög mikið sem þarf að gera í lagfæringum lagna. Munu þetta vera afar kostnaðarsamar framkvæmdir. Mikil umræða var um þennan lið og til máls tóku allir nefndarmenn. Aðalbjörn Björnsson, skýrði fyrirhugaða nýtingu eldra húsnæðisins og hvað yrði nýtt af eldri búnaði og hvað yrði sett í forgang og hvað væri hægt að láta bíða þar til síðar. Einnig var talað um að leiktæki vanti á skólalóð. Töldu nefndarmenn að ljúka yrði við sem mest af lagfæringum og breytingum þannig að ekki þyrfti að raska miklu síðar. Síðan var lögð fram eftirfarandi tillaga: "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að láta vinna tilboðsskrá og kostnaðaráætlun fyrir lagfæringar og breytingar á gamla skólanum. Jafnframt að fá tilboð í verkið frá verktaka á móti kostnaðaráætlun." Tillagan var síðan borin upp til atkvæðagreiðslu: Árni Róbertsson sat hjá, þar sem hann taldi að bjóða ætti verkið út. Steindór Sveinsson, greiddi ekki atkvæði vegna vanhæfi. Tillagan var þannig samþykkt með 5 atkvæðum

5. mál. Samningur um endurbyggingu Kaupvangs. Lagður var fram verksamningur milli Vopnafjarðarhrepps og Trésmiðju Ásgríms Magnússonar, varðandi endurbyggingu á Kaupvangi. Jafnframt lagt fram skjal frá opnun tilboðs í verkið. Tilboðsfjárhæð var kr. 18.360.400, sem er 130,7% af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun var kr. 14.046.900. Endanleg samningsfjárhæð er kr. 15.526.550.

Ennfremur lagt fram bréf dags. 28. apríl sl., frá Vífli Oddssyni, verkfræðingi, varðandi yfirreikning tilboðs, þar sem hann telur samningsfjárhæðina góða niðurstöðu og fyllilega innan eðlilegra marka miðað við kostnaðaráætlun. Samningurinn samþykktur.

6. mál. Unglingavinna sumarstörf. Mikil umræða var um sumarvinnu unglunga og töldu nefndarmenn sem tóku til máls að í unglungavinnu þurfi að setja reglur og halda aga þar sem líta meigi á sumarvinnu unglunga sem sumarskóla, engu síður en vinnu.

7. mál. Atvinna og ferðamál. Mikil umræða var um atvinnumál og þá sérstaklega hvað hægt sé að gera í atvinnumálum ungs fólks sem kemur heim í skólafrí í sumar. Jafnframt þurfi hreppsnefndin

að áætla sérstakan tíma í umræður um atvinnumál í nánustu framtíð.

Sveitarstjóri taldi að hvetja þurfi heimamenn til að hafa samband við þróunarstofu Austurlands í framhaldi af auglýsingu stofunnar, þar sem auglýst er eftir einstaklingum til að taka að sér vinnu við þróunarverkefni á sviði atvinnu- og byggðamála. Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita eftir aðila til að taka að sér starf við upplýsingar fyrir ferðamenn yfir ferðamannatímamál í sumar og í því sambandi leita samstarfs við aðila svo sem Vopnfirski handverkshópin.

8. mál. Þórshafnarhreppur, ályktun. Áskorun barst frá sveitarstjórn Þórshafnarhrepps, sem send hefur verið til aðila sem málið varðar. Er erindið þess efnis að þeir hafa þungar áhyggjur af stöðu samgangna á norðausturhorni Íslands. Telur sveitarstjóri Þórshafnarhrepps að þar sem ekkert bendi til að framkvæmda sé að vænta í vegamálum sé þannig sveitarstjórnarmanna að breyta. Þar sem til stendur að flugsamgöngur verði aflagðar á landsbyggðinni þarf að byggja upp vegasamgöngur. Væntir sveitarstjórn Þórshafnarhrepps þess að tekið verði tillit til þessarar áskorunar og strax verði hafist handa um endurbætur vegasamgangna. Sveitarstjóra falið að hafa samband við sveitarstjóra Þórshafnarhrepps varðandi þessa ályktun og veita fullan stuðning.

9. mál. Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár, fasteignagjöld. Bréf barst frá formanni Veiðifélags Hofsár þess efnis að farið er fram á lækkingu á álagningu fasteignagjalda á veiðihúsið að Árhvammi, þ.a. í stað þess að lagt sé á húsið miðað við b-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verði lagt á miðað við a-lið sömu greinar. Málið fékk nokkra umfjöllun og var málið skýrt meðal annars með framlagningu umræddrar lagagreinar tekjustofnalaganna. Samþykkt samhljóða að hafna framkomnu erindi.

10. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

- a) Fundargerð stjórnar SSA frá 22. mars sl.
- b) Fundargerð Héraðsnefndar Múlasýslna frá 22. mars sl.
- c) Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 12. apríl sl.
- d) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands b/s frá 26. apríl sl.
- e) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 23. mars. sl.
- f) Samgöngunefnd SSA athugasemdir við jarðgangaáætlun 2000-2004.

Önnur mál: Hafþór Róbertsson upplýsti að samkvæmt venju hefði stjórn SSA hug á að halda fund hér á Vopnafirði í sumar.

Aðalfundur SSA verður haldinn í Skaftafelli í haust dagana 31. ágúst og 1. sept. nk.

Nokkur umræða var um vegamál og fjárveitingar til vegamála í ný samþykktri vegáætlun árána 2000-2004 og hvernig fjárveitingar skiptust í Austurlandskjördæmi. Allir sem til máls tóku töldu hlut Vopnfirðinga vægast sagt mjög rýran og lítið hefði áunnist með allri þeirri miklu vinnu sem lagt hefði verið í til þess að sannfæra ráðamenn vegamála um slæmar samgöngur til og frá Vopnafirði.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.